

Landspítali - háskólasjúkrahús
 Skiptiborð - sólarhringsvakt . .543 1000
 Göngudeild B-1 í Fossvogi. . .543 9219

Fræðsla

Opnir fræðslufundir

Einu sinni í viku er boðið upp á fræðslu þar sem fjallað er um ýmsa þætti sem tengjast því að fá alvarlegan sjúkdóm. Að fræðslunni lokinni gefst tækifæri til spurninga og umræðna. Aðstandendur eru velkomnir.

Gott útlit - betri líðan

Reglulega er haldið námskeiðið „Gott útlit - betri líðan“ í samstarfi við snyrtifræðinga. Hugað er að þeim útlitsbreytingum sem oft verða í kjölfar lyfjameðferðar. Á námskeiðinu er farið er í grundvallaratriði umhirðu húðar, hárs og nagla ásamt förðun.

Fræðslan er þátttakendum að kostnaðarlausu og ekki þarf tilvísun frá lækni. Nánari upplýsingar og skráning í fræðsluna fer fram hjá ritara deildarinnar.

ÚTGEFANDI:
 LANDSPÍTALI - HÁSKÓLASJÚKRAHÚS
 ENDURHÆFINGASVIÐ
 GÖNGUDEILD B-1, FOSSVOGI
 OKTÓBER 2006

ÁBYRGÐARMENN:
 ALÍS INGA FREYGARÐSDÓTTIR ÍÐJUPJÁLFI
 MARJOLEIN ROODBERGEN SJÚKRAPJÁLFARI

HÖNNUN: KYNNINGARMÁL LSH/AV

LJÓSMYNDIR: INGER HELENE BÓASSON, ÞÓRDÍS ERLA ÁGÚSTSDÓTTIR
 OG AGNES VILHELMSDÓTTIR

Endurhæfing

eftir greiningu krabbameins





Göngudeild B-1

Göngudeildin býður upp á sérhæfða endurhæfingu fyrir einstaklinga sem greinst hafa með illkynja sjúkdóma.

Í boði er einstaklingsmiðuð endurhæfing og heilsuefling sem nær til líkamlegra og sálfélagslegra þátta.

Við deildina starfa sjúkráþjálfarar, iðjuþjálfarar, ritari og aðstoðarmenn. Samstarf er við sálfræðinga og félagsráðgjafa og aðra fagaðila eftir þörfum.

Tilvísun þarf frá lækni til að geta nýtt sér þjónustuna.

Starfsemin

- Einstaklingsþjálfun
- Listasmiðja
- Ráðgjöf
- Leikfimi í sal
- Þjálfun í þreksal
- Vatnsleikfimi
- Meðferð við sogæðabjúg
- Fræðsla

Helstu áherslur

- Að viðhalda og byggja upp líkamlegan þrótt
- Að viðhalda og auka færni til að takast á við daglegt líf
- Að stuðla að því að einstaklingurinn geti sinnt því sem fullnægir þörfum hans og áhuga
- Fræðsla og ráðgjöf



Nýjar rannsóknir sýna að fólki líður betur meðan á meðferð stendur ef það nær að halda daglegri virkni sinni á meðan og stunda iðju sem því er mikilvæg. Fólk missir minna þrek og er fljótara að jafna sig á eftir.

Þeir, sem hafa áhuga á að kynna sér starfsemi deildarinnar nánar, eru hvattir til að hringja í okkur og fá upplýsingar og leiðbeiningar.